



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Jörfi

2023-2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans	4
2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Hugmyndafræði John Dewey	11
4	Innra mat Holt	14
5	Innra mat Laut	15
6	Innra mat Lundur.....	17
7	Innra mat Hlíð.....	21
8	Innra mat Sel	24
9	Innra mat sérkennslu.....	27
10	Innra mat – fjöltyngd börn	28
11	Fræðsla í Jörfa.....	29
12	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	29
13	Foreldrasamvinna.....	29
14	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
15	Fylgigögn.....	30
15.1	Leikskóladagatal	31
15.2	Umsögn Foreldraráðs	32
15.3	Um starfsáætlanir leikskóla	37
15.4	Mat á leikskólastarfi	38



1 Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans Jörfa er: Umburðarlyndi – Kærleikur – Virðing.

Við teljum mikilvægt að veita börnunum þá þekkingu og sýn á ört vaxandi samfélag og fjölbreytileika mannflórunnar sem við erum öll hluti af. Einnig teljum við mikilvægt að börnin tileinki sér gott viðhorf gagnvart sjálfu sér og öðrum. Við erum leikskóli þar sem börn hafa vettvang til að tjá sig um það sem þau vilja og þar sem er hlustað á þau. Við erum allskonar með allskonar bakgrunn og sýnum hvort öðru virðingu, kærleik og umburðarlyndi.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og gengur þá var haustið annasamt og fjörugt hjá okkur. Bæði í að skipuleggja vetrarstarfið og einnig þurftum við að ráða inn nokkra starfsmenn. Við erum þó svo heppin hér í Jörfa að það eru öflugir deildarstjórar sem leiða starfið og góður starfsmannahópurinn mjög flottur. Við vorum að sjálfsögðu ákveðin í því að halda áfram að vera með gott og metnaðarfullt starf. Eins og undanfarin ár þá héldum við áfram með samstarf við Víking og sóttu börnin íþróttatíma þangað. Einnig bauðst okkur að vera áfram í samstarfi við Myndlistarskóla Reykjavíkur. Við vorum í samstarfi við Tónskóla Sigursveins í tengslum við Barnamenningarhátíð. Við tókum þátt í hátíðinni og var það mikil upplifun að fylgjast með elstu börnunum taka þátt í undirbúningnum fyrir hátíðina og fara og sjá frábæran flutning nokkur hundruð barna á lögnum hennar Röggva. Við nýttum skipulagsdagana vel og fengum m. a. fræðslu um Vinnustaðamenningu, opinn efnivið, fræðslu um ADHD og fyrirlestur um „Slys á börnum“ en Herdís Storgaard kom til okkar og það var virkilega þarft að fara yfir þau mál. Hringekja byrjaði í október og erum við stolt af því verkefni, það er mikill metnaður í því og gott að börnin blandist og kynnist betur. Hins vegar vegna mannekle þá þurftum við því miður að fella hana niður nokkrum sinnum. Í janúar tókum við þátt í Erasmus verkefni og fengum við heimsókn frá tveimur leikskólakennurum frá Belgíu. Þær voru hjá okkur í 4 daga og fengur þær að fylgjast með starfinu. Það var mjög gaman að kynnast þeim og heyra líka hvað þær voru að gera í sínum skóla. Þær vilja endilega fá okkur í heimsókn til sín og verður það skoðað seinna. Fjórir starfsmenn á Jörfa útskrifuðust sem Leikskólaliðar á árinu og einn starfsmaður sótti Fagnámskeið Eflingar. Þrír starfsmenn eru í Leik- og grunnskólanámi og er jákvætt og gaman að sjá hvað það er mikill metnaður í starfsfólkinu að bæta við sig námi og námskeiðum. Við í Jörfa viljum að okkar starfsfólk sé vel upplýst og einn starfsmaður í Jörfa sótti Trúnaðarmannanámskeið í vetur og fór hann að jafnaði vikulega á fundi og gat þá miðlað upplýsingum frá félaginu til samstarfsfólksins. Læsis- og umhverfisvika. Börn og foreldrar tóku þátt í þessu verkefni og gekk það mjög vel og gott að hafa samvinnuverkefni sem tengir heimili og skóla saman. Við höldum í hefðir eins og að gleðjast á



Þorranum og bjóðum þá upp á Þorramat á Bóndadaginn og einnig vorum við með pabba, mömmu, afa og ömmu kaffi með kleinum og tilheyrandi. Sumarhátíðin var haldin núna í júní og var hún sameiginleg með Foreldrafélaginu. Tókst hún einstaklega vel að okkar mati. Börnin fóru í skríðgöngu út í Hæðargarð og sungu fyrir eldri borgara, svo bauð Foreldrafélagið upp á grillaðar pylsur og ís, leikrit og fleira skemmtilegt. Vonandi endurökum við þetta að ári. Það var líka alveg frábært veður, hlýtt og góð stemming.

Skapandi starf í Jörfa











3 Hugmyndafræði John Dewey

Leikskólinn Jörfi starfar eftir kenningum John Dewey. Þeir þættir sem John Dewey lagði mikla áherslu á, var að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu. Mikilvægt er að skapa lífandi tengsl á milli skóla og samfélags. Það á ekki að vera munur á hvað eða hvernig lært er í skólum eða utan þeirra því þessir heimar eiga að nálgast hvor annan. Dewey lagði jafnframt áherslu á að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning. Eftir kenningu Dewey má skipta áhugasviði barnsins í fjóra þætti en þeir þættir eru:

1. Áhugi á samræðum og samveru (byggt á félagslegri eðliskvöt).
2. Áhugi á að rannsaka og uppgötva.
3. Áhugi á að framkvæma (búa til hluti, skapa og setja saman).
4. Áhugi á listrænni tjáningu (tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu).

Dewey vildi sjá nám og hugsun sem heild, nám á ekki að vera bútað niður í einangraða hluta af þekkingu, en reynsla, tilraunir, samvinna og hæfileikinn til að meta eru allt þættir sem styrkja og efla barnið í leit sinni að niðurstöðu. Hann sagði jafnframt að leikurinn væri leið til menntunar og þroska þar sem börnin eru virk og skapandi í leik sínum. Skapandi hugsun barnanna vekur áhuga þeirra sem leiðir til skýrrar hugsunar, börnin læra af reynslu en ekki kennslu. Skapa þarf börnum uppeldisumhverfi sem örvar þau því hæfilega erfið viðfangsefni efla virka hugsun. Umhverfi barna er mikilvægt í huga Dewey, hann sagði kennarann bera ábyrgð á að gera það hvetjandi fyrir vöxt og þroska þeirra auk þess sem það er öruggt og vel skipulagt, jafnframt þarf að sjá til þess að kennslugögn og efniviður séu auðug, breytileg og sveigjanleg. Mikið byggist á þekkingu og reynslu kennarans því hann á að vera vinsamlegur samstarfsaðili og leiðbeinandi í sameiginlegum verkefnum. Kennarinn hvetur barnið til að reyna nýja hluti, hann notar opnar spurningar og leiðir það áfram svo það komist sjálft að niðurstöðu. Það er mikilvægt að barnið megi gera mistök svo það geti lært af þeim án þess að það fái það á tilfinninguna að það sé misheppnað. Mikilvægt er að dagurinn sé eins frá degi til dags, það veitir barninu öryggi að vita hvað er að gerast í kringum það.

Umbótaáætlun Jörfa

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Nýta mannauðin betur, bæta upplýsingaf læði til starfsmanna	Nýta styrkleika starfsfólks í starfi, nota hrós, bæta starfsandann	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildastjórarn	2023	2024	Nýta styrkleika starfsfólks í starfi, nota hrós, bæta starfsandann	Betri samvinna, starfsánægja starfsfólks
Uppeldis- og menntastarfi							
	Jörfi mun starfa eftir hugmyndafræði John Deweys	Leggja meiri áherslu á hugmyndafræði Deweys og gera hana sýnilegri fyrir öllum	Stjórnendateymi	2023	2024	Leggja meiri áherslu á hugmyndafræði Deweys og gera hana sýnilegri fyrir öllum. Allir starfsmenn verði upplýstir um hugmyndafræðina.	Starfsfólk geti tileinkað sér áherslur frá hugmyndafræðinni og tengt hana faglegu starfi í leikskólanum
Námsskrá	Gera nýja skólanámsskrá	Bæta námsskrána með því	Stjórnendateymi	2023	2024	Fara reglulega yfir markmið og	Ný námsskrágeri faglegt starf í



		<p>að gera hana skýrari með markvissari upplýsingum og hún sé aðgengileg öllum.</p>				<p>uppfæra upplýsingar eftir þörfum.</p>	<p>leikskólanum markvissara og skýrara fyrir öllum.</p>
--	--	---	--	--	--	--	---



4 Innra mat Holt

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Efla skapandi starf inn á deild	Greiðari aðgangur að skapandi efnivið, sem börnin geta notað frjálst.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Skoða hvort að áætlanir hafi gengið eftir.	Að eftir börnin liggja verkefni sem þau hafa ákveðið sjálf og haft val um efnivið í.
Læsi	Efla málskilning og orðaforða . Þjálf hlustun, einbeitningu, tjáningu og hljóðkerfisvitund.	Lesna bækur, loðtöflusögur og sögupoka. Endursegja sögur. Leika með orð og rím.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haust 202	Vor 2024	Rýni/rökræður á deildarfundum	Áhugi og virkni barnanna. Börnin eigi auðveldara með að fylgja söguþræði og málskilningur og orðaforði eykst
Vinátta	Skráning Fjölbreytni	Hvetja til fjölbreytni á vináttufund um. Festa hvern þátt 1x í mánuði (spjald, nudd, saga, danspartý)				Með samtali milli starfsmanna á deildarfundum um hvað gengur vel og hvað ekki.	Virk þátttaka barna á vináttufundum m.
Hreyfing	Markvissar hreyfistundir. Efla færni í grófhreyfingum, jafnvægi og líkamsvitund.	Markvissar hreyfistundir í hverri viku, vettvangsferðir	Deildarstjóri og hópstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Skráning og taka myndir. fylgjast með þróun á hreyfingum í samræmi við aldur.	Börnin verða öruggari í hreyfingum og meðvitaðri um líkama sinn.
Lýðræði	Auka þátttöku barna í ákvörðunum er varða starfið í leikskólanum	Lýðræðislegar kosningar og stöðvavinna. Starfsmenn sækjast eftir hugmyndum barna með umræðum	Allir starfsmenn			Á teymisfundi deildarstjóra og stjórenda í lok skólaárs	Aukin lýðræðisleg þátttaka barna.



5 Innra mat Laut

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að auka orðaforða, efla málskilning og máltjáningu. Þjálfa hlustun, einbeitingu, tjáningu og hljóðkerfisvitund. Hvetja börnin til að tjá sig og hlusta á hvert annað. Fá öll börn til að taka þátt.	Skipta börnunum oftari smærri hópa í samverustundum. Vera dugleg að kenna börnunum ný lög með mismunandi textum. Lesa bækur eftir þema og þeirra áhugasviði. Fara yfir rím, vísur og lesa loðtöflusögur. Halda áfram með skipulagðar lubbastundir og fletta efninu inn í daglegt starf, kenna börnunum málhjóðin.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Metið með skráningum t.d. TRAS. Einnig metið og rætt á deildarfundum, hvað gengur vel og ekki hjá hverju og einu barni.	Efla hljóðkerfisvitund barnanna. Að orðaforði barnanna og málskilningur aukist. Börnin læri sinn staf og sitt eigið málhjóð. Markmið að börnin verði öruggari í samskiptum og geti notað orð til að tjá sig. Að fá öll börn til að vera virkir þátttakendur í starfinu.
Skapandi starf	Efla skapandi starf og leyfa hugmyndaflugi barnanna að njóta sín. Leyfa þeim að koma með hugmyndir að verkefnum og fá þau til að framkvæma sjálf.	Hafa skapandi efnivið aðgengilegann og sýnilegann fyrir börnin. Vera dugleg að safna efnivið, t.d. sem börnin finna í náttúrunni. Leyfa börnunum að njóta sín í skapandi starfi hvenær sem þau vilja, hafa markvisst skapandi starf í hverri viku. Leyfa börnunum að fara eigin leiðir í sköpun, ekki einblína alltaf á	Deildarstjóri og starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Gögnum safnað í ferilmöppur barnanna eða teknar myndir af verkum barnanna.	Að efla börnin í skapandi starfi með ýmsum mismunandi aðferðum. Viljum að börnin fái verkefni sem þau skapa sjálf með efnivið sem þau velja.



		fallega afurð. Fá börnin til að vinna sjálfstætt í sköpun.					
Vinátta	Halda áfram að fletta vináttunni inn í daglegt starf. Kenna börnunum mismunandi tilfinningar sem við upplifum í lífinu ásamt jákvæðum samskiptum. Halda áfram að hafa Blæ bangsa sýnilegann svo börnin geti leitað til hans þegar þau vilja.	Hafa fjölbreyttar vináttustundir. Fá fleiri starfsmenn deildarinnar til að kynna sér vináttuverkefnið. Safna saman hugmyndum af leikjum og verkefnum ásamt því að nýta það sem til er.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Rætt á deildarfundum, hvað er það sem gengur vel og hvað ekki.	Virkja þátttöku barna í vináttustundum og reyna að fá alla til að taka þátt á einhvern hátt.
Hreyfing	Hafa markvisst skipulagðar hreyfistundir í hverri viku, bæði úti og inni. Fylgjast vel með grófhreyfingum barnanna. Halda betur utan um skráningu.	Hafa markvissar hreyfistundir í hverri viku og kynna okkur betur skráningu fyrir hreyfingu. Fara oftari í vettvangsferðir, ekki bara á sumrin.	Deildarstjóri, hópstjórnari í hreyfistund, allir starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024	Skráning og taka myndir. Fylgjast með þróun á hreyfingum í samræmi við aldur.	Börnin verði öruggari í hreyfingum og meðvitaðri um eigin líkama. Þau séu dugleg að hreyfa sig bæði úti og inni.
Lýðræði	Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starf leikskólans og geta fengið að hafa áhrif á það. Þá fá þau að taka þátt í ákvörðunum er varða skólastarfið. Starfsfólk þarf að hlusta á hvað börnin hafa að segja og leyfa þeim að koma með hugmyndir, prófa sig áfram og læra af reynslunni.	Börnin hafa eitthvað um að segja er varða skólastarfið. Hægt að hafa lýðræðislegar kosningar og finna út hvað þau vilja gera með umræðum. Þjóða þeim að hafa val í t.d. samverustundum, leik, matartíma, útiveru o.fl. Starfsmenn þurfa að kynna sér lýðræðisleg vinnubrögð svo allir geti unnið samkvæmt þeim.	Deildarstjóri og starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024	Nota skráningar og ræða við börnin. Hlusta á rödd barnanna. Metið bæði á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Að auka lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfinu. Fá þau til að vera virkir þátttakendur og leyfa þeim að hafa áhrif á allt sem viðkemur starfinu. Starfsfólk þarf að hlusta á hvað það er sem börnin vilja gera og læra.



6 Innra mat Lundur

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur r
UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Að börnin njóti margskonar reynslu sem örvar skapandi tjáningu þeirra, nýtir meðfædda forvitni, athafnaþrá og hugmyndafli og. Einnig gera opinn efnivið aðgengilegan og ýta undir áhuga barnanna að nýta opinn efnivið við skapandi tjáningu.	Nýta vettvangsferðir í að safna efnivið úr náttúrunni. Einnig ýta undir frjálsa sköpun án stýringar starfsmanna. Auka tækifæri barnanna til þess að sýna frumkvæði, njóta og uppgötva nýja hluti og umhverfi sitt.	Deildarstjóri, Hópstjóri og aðrir starfsmenn	Haust 2020 23	Vor 2024	Á deildarfundum ásamt ferilmöppum.	Að börnin sýni frumkvæði og þor í skapandi tjáningu og verði örugg með sína tjáningu. Að öll tjáning sé litin jöfnum augum af börnum og starfsmönnum.
Læsi	Að auka orðaforða, málskilning og máltjáningu. Að börnin	Með þrískiptum lestrarstundum, Lubbastundum, söngstundum, samverustundum og	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Hau st 2023	Vor 2023	Metið með skráningum frá deildarstjóra, TRAS, og á deildarfundum	Að börnin verða örugg í samskiptum, geti nýtt sér íslensku í tjáningu og



	séu virkir þátttakendur í starfinu. Hvetja börnin til þess að tjá sig og verða öruggari í samskiptum.	málörvunarstundum. nýtum okkur áhugasvið hvers og eins til að spjalla og leggja inn. Einnig læra þulur og flóknari vísur. Kenna börnunum rím og máhljóðin.					haft gagn og gaman af þeim stundum sem stuðla að auknu læsi. Að öll börn séu virkir þátttakendur í starfinu. Að börn séu fær um að halda uppi samtali með góðri íslensku.
Lýðræði	Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starfið og hafa tækifæri til að hafa áhrif.	Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu starfsins. Börnin eiga að fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem teknar eru um starfið.	Deildars tjóri og aðrir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Með viðtölum við börnin og skráningum	Að börnunum líði eins og þau hafa eitthvað um starfið að segja og eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku.
Útinám	Að börnin kynnist fjölbreytni	Í hringekju og	Hópstjóri og aðrir	Haust	Vori 2024	Metið á deildarfundum, ásamt	Börnin verða örugg og kunna að



	nni í íslenskri náttúru, veðurfari og kunni að njóta hennar og virða.	vettvangsferðum.	starfsmenn	20 23		myndum og myndböndum	umgangast íslenska náttúru af virðingu. Börnin kunna að njóta sín í náttúrunni án manngerðra leiktækja. Börnin tengi klæðaburð við veður og aðstæður.
Fjölbreytileiki/ Jafnrétti	Að allir fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendu og nýta hæfileika sína lausir við fordóma.	Í samverustundum, hringekju og inn á deild.	Deildarsjóri og aðrir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Metið á deildarfundum	Að börnin sýni öðrum virðingu, umhyggju og vináttu. Að börnin séu opin fyrir fjölbreytileikanum og virði skoðanir annarra.
Vináttu	Að efla börnin og ýta undir þátttöku þeirra með	Í Hringekju fara börnin í vináttustundir. Inn á deildir er vináttuverke	Hópstjóri og aðrir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Metið á deildarfundum og deildarstjórafundum.	Að börnin sýni öðrum áhuga og læri að taka tillit til



	vináttuver kefni Barnaheill a að leiðarljósi. Að börnin læri um vináttu og nýti sér verkefnið í athöfnum daglegs lífs.	fnið innleytt og vinátta rædd í samveru.					tilfinninga annarra.
--	--	---	--	--	--	--	-------------------------



7 Innra mat Hlíð

UMBÓTAPÁT TUR/							
MATSPÁTTUR							
Skapandi starf	Að börnin njóti margskona r reynslu sem örvar skapandi tjáningu þeirra, nýtir meðfædda forvitni, athafnaþrá og hugmynda flug. Einnig gera opinn efnivið aðgengileg an og ýta undir áhuga barnanna að nýta opinn efnivið við skapandi tjáningu.	Nýta vettvangsferðir í að safna efnivið úr náttúrunni. Einnig ýta undir frjálsa sköpun án stýringar starfsmanna. Auka tækifæri barnanna til þess að sýna frumkvæði, njóta og uppgötva nýja hluti og umhverfi sitt.	Deildarstj óri, Hópstjóri og aðrir starfsme nn	Hau st 202 4 3	Vor 202 4	Á deildarfund um ásamt ferilmöppu m.	Að börnin sýni frumkvæði í skapandi tjáningu og verði örugg með sína tjáningu. Að öll tjáning sé litin jöfnum augum af börnum og starfsmönn um.



Læsi	Að auka orðaforða, málskilning og máltjáningu. Að börnin séu virknir þátttakendur í starfinu. Hvetja börnin til þess að tjá sig og verða öruggari í samskiptum.	Með þrískiptum lestrarstundum, Lubbastundum, söngstundum, samverustundum og málörvunarstundum. Einnig læra þulur og flóknari vísur. Kenna börnunum rím og máhljóðin.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Meið með skráningu frá deildarstjóra, TRAS og á deildarfundum	Að börnin verða örugg í samskiptum, geti nýtt sér íslensku í tjáningu og haft gagn og gaman af þeim stundum sem stuðla að auknu læsi. Að öll börn séu virkir þátttakendur í starfinu.
Lýðræði	Að börnin séu virkir þátttakendur í að móta starfið og hafa tækifæri til að hafa áhrif.	Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu starfsins. Börnin eiga að fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Með viðtölum við börnin og skráningum	Að börnunum líði eins og þau hafa eitthvað um starfið að segja og eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku.



		sem teknar eru um starfið.					
Útinám	Að börnin kynnist fjölbreytni nni í íslenskri náttúru og kunni að njóta hennar og virða.	Í hringekju og vettvangsferðum.	Hópstjóri og aðrir starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Metið á deildarfundum, ásamt myndum og myndböndum	Börnin verða örugg og kunna að umgangast íslenska náttúru af virðingu. Börnin kunna að njóta sín í náttúrunni án manngerðra leiktækja.



8 Innra mat Sel

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hreyfing	Markvissar hreyfistun dir úti og inni Efla gróf hreyfiþroska barna	Börnum skipt í hópa. Hver hópur fer 1x í viku í sal. Gönguferðir um hverfið	Deildastjóri	2023	20 24	Sráning Ljósmyndir Listi yfir aldurssvarandi grófhreyfiþroska	Börnin eflast líkamlega og verða öruggari. Börn verði komin með aldurssvarandi hæfni.
Lýðræði/ Barnasáttmálinn	Börnin hafi val miðað við aldur og þroska varðandi skólastarfið. Kynntar verði fyrir börnunum 2., 3., 6 og 12. gr Barnasáttmálans	SamverustunDIR þar sem ýmis viðfangsefni eru tekin fyrir. Börnin fá tækifæri til tjá skoðanir sínar og hlusta og virða skoðanir annarra. Starfsmenn kynni sér Barnasáttm	Deildarsjóri Og starfsmenn	2023	20 24	Metið á deildarfundum Demantamat (börnin) að vori	Börnin verði virkir þátttakendur í sólastarfinu, hafi sín áhrif og taki þátt í að þróa það. Börnin kynnist með aldur og þroska í huga hver réttindi þeirra eru skv. Barnasáttmála



		álann og lýðræði í skólastofunni. Verkefni unnin í tengslum við Barnasáttmálann						
Félagsfærni/Vináttuverkefni	Efla félagsfærni með börnunum Fletta Vináttuverkefnið inn í allt starf. Skapa góðan anda á deildinni Að traust ríki milli nemenda og kennara	Að ræða og kenna jákvæð samskipti. Vinna með gildin í Vináttuverkinu og nota allt kennsluefnið. Allt starfsfólk fari á Vináttunám skeið. Fastar vináttustundir 1x í viku. Senda stóra Blæ heim með börnunum.	Deildas tjóri og starfsmenn	20 23	20 24	Mat á deildarfundum og í lok annar. Demanta mat að vori (börnin)	Samfélagið í skólastofunni einkennist umburðarlyndi og virðingu. Að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju. Að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti. Að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn	



		Félagsfærni sögur					í og verja féлага sín
Gefðu 10	Efla íslenskuku náttu fjöltyngdra barna	Kynna og virkja starfsmenn í að nota „Gefðu 10“ markvisst. Hafa skráningu sýnilega Styðjast við Hæfniramma í íslensku við fjöltyngd börn	Deildas tjóri og starfsmenn	20 23	20 24	Skráning og mat skv. Hæfni ramma fyrir fjöltyngd börn	Að fjöltyngd börn öðlist tækifæri til að leika með tungumál ið á virkan hátt og taka reglulegu m framförum í íslensku, bæði í skilningi og tjáningarfærni



9 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Skipulagning sérkennslu var skipulögð út frá þjálfunarleiðum, TEACCH og atferlisþjálfun. Skipulagðar vinnustundir sem fóru fram bæði í einstaklingsvinnu og í hópavinnu.	Sérkennslan var skipulögð út frá faglegu mati ráðgjafa, þroskaþjálfara og annarra starfsmanna sem sinna stuðningi. Skráning var byggð á hugmyndafræði TEACCH og atferlisþjálfunar.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM, WB-MAPP.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Aðkeypt námsgögn, matsgögn.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Skrifa fundagerðir, upplýsingar til allra í leikskólanum	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Fundagerðir	Að allir starfsmenn séu upplýstir um stöðu mála
Skráning	Allir starfsmenn haldi markvissa skráningu	Skráning sé aðgengileg og auðvelt sé að skrá	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Reglulega farið yfir skráningar og hvetja starfsfólk að skrá	Að skráningar séu alltaf til staðar



Sérkennslufundur	Reglulegir sérkennslufundir	Allir þeir sem sinna sérkennslu hittast á sérkennslufundi til að fara yfir þau börn sem eru í sérkennslu	Sérkennslustjóri	Haut 2023	Vor 2024	Fundagerðir	Fundir haldnir 1x í mánuði
------------------	-----------------------------	--	------------------	-----------	----------	-------------	----------------------------

10 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	I-pad, málörvunarstundir, námsgögn
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Leikskólinn vinnur með Lubba þar sem farið var í reglulegar Lubbastundir, spil, lestur.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir voru nýttar í lestur þar sem börnunum var skipt upp í 2 hópa, þau spurð spurninga úr sögunni og þau látin svara, farið vel yfir flóknari og nýrri orð.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Leikskólinn styðst við skráningar TRAS og út frá niðurstöðum er farið í frekari aðgerðir. Einnig var stuðst við hæfniramma.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við teljum svo vera.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Sérstakar málörvunarstunDIR	MálörvunarstunDIR, Gefðu 10, spila, lesa	Deildarstjórn	Haut 2023	Vor 2024	Skráningar	Aukinn orðaforði, málskilningur og máltjáning

11 Fræðsla í Jörfa

Starfsmenn í leikskólanum Jörfa voru duglegir að sækja sér fræðslu á líðandi skólaári. Við fengum fræðslu frá ADHD – samtökunum um verkfæri sem kennarar geta nýtt sér í daglegu starfi í leikskólanum og vorum við fljót að tileinka okkur þessi verkfæri. Valborg fagstjóri leikskólamála frá Norðurmiðstöð kom með fyrirlestur um innleiðingu á farsældarlögum og innleiðingu nýrra verkferla sérkennslumála. Guðný Reynisdóttir kom með fræðslu um vinnustaðamenningu en sú fræðsla var mjög áhugaverð. Sigursveinn kom til okkar og fræddi okkur um opinn efnivið en leikskólinn Jörfi hefur lagt áherslu á að vinna með opinn efnivið í skipulögðu starfi, þemavinnu og í skapandi starfi.

12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elsti hópurinn í Jörfa hefur verið í miklu samstarfi við bæði Breiðagerðisskóla og Sólbúa sem er frístundamiðstöð fyrir Breiðagerðisskóla. Samstarfið felur í sér markvissar heimsóknir þar sem börnin hafa tekið þátt í frímínútum, nesti og í kennslustund. Einnig hafa börnin farið yfir í Sólbúa og tekið þátt í starfinu þar. Deildastjóri elstu barnanna í Jörfa, kennari í Breiðagerðisskóla og forstöðumaður Sólbúa byrja á því að skipuleggja heimsóknir í upphafi skólaárs. Í lok skólaárs eða í byrjun sumars hittast stjórnendateymi leikskóla og stjórnendateymi Breiðagerðisskóla til að fara yfir elsta hópinn.

13 Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl voru haldin í nóvember 2022 og í mars 2023. Það var almenn ánægja foreldra með starf leikskólans og var góð mæting foreldra í viðtölin.

14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sameiginlegir skipulagsdagar með Breiðagerðisskóla:

24. nóvember 2023

2. janúar 2024

17. maí 2024

Sjá leikskóladagatal í fylgiskjali

15 Fylgigögn

15.1 Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
Þ	1 F	1 S	1 M Foretíð Lauf	1 F Foretíðagurum	1 M Nýsdegar	1 F	1 F	1 M Ánser í þakum	1 M Veisluþagurum	1 L	1 M
M	2 L	2 M Hrygels byr	2 F Foretíð Lauf	2 L	2 Þ Skaplagdagur Samþingla	2 F	2 L	2 Þ Jólþagdagur Eintrúad	2 F	2 S Sjómennadagurum	2 Þ
F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Foretíð Hó	4 F	4 L	4 Þ	4 F
L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ Foretíð Hó	5 F	5 S	5 M	5 F
S	6 M	6 F	6 M Foretíð Hó	6 M	6 L Þessardóm	6 Þ Þagur ískólans	6 M Foretíð Lauf	6 L	6 M Umverfisskóla	6 F	6 L
M	7 F	7 L	7 Þ Foretíð Hó	7 F	7 S	7 M Þagur vísansólans	7 F Foretíð Lauf	7 S	7 Þ Umverfisskóla	7 F	7 S
Þ	8 F Þagur ískólans	8 S	8 M Þessardóm gagnaþétt þagur	8 F Þessardóm gagnaþétt þagur	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M Umverfisskóla	8 L	8 M
M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Þessardóm gagnaþétt þagur	9 L	9 Þ	9 F Þessardóm gagnaþétt þagur	9 S	9 Þ
F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F Þessardóm gagnaþétt þagur	10 M Þessardóm gagnaþétt þagur	10 M
F	11 Miðvikudagur	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Þagur ískólans	11 M Foretíð Sol	11 F	11 L	11 Þ Þessardóm gagnaþétt þagur	11 F
L	12 Þ Þessardóm gagnaþétt þagur	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ Foretíð Sol	12 F	12 S	12 M Þessardóm gagnaþétt þagur	12 F
S	13 Miðvikudagur	13 F Þessardóm gagnaþétt þagur	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M Foretíð Lauf	13 L	13 M	13 F Þessardóm gagnaþétt þagur	13 L
M	14 F Þessardóm gagnaþétt þagur	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F Foretíð Lauf	14 S	14 Þ	14 F Þessardóm gagnaþétt þagur	14 S
Þ	15 F Þessardóm gagnaþétt þagur	15 S	15 M	15 F Þessardóm gagnaþétt þagur	15 M	15 F	15 F Skaplagdagur ískólans	15 M	15 M	15 L	15 M
M	16 L Þessardóm gagnaþétt þagur	16 M	16 F Þessardóm gagnaþétt þagur	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
F	17 S	17 Þ	17 F Þessardóm gagnaþétt þagur	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Þessardóm gagnaþétt þagur	17 M	17 M
F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 M	18 S Þessardóm gagnaþétt þagur	18 F	18 L	18 Þ	18 F
L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Þessardóm gagnaþétt þagur	19 M	19 Þ Foretíð Hó	19 F	19 S Þessardóm gagnaþétt þagur	19 M	19 F
S	20 M	20 F	20 M Þessardóm gagnaþétt þagur	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Þessardóm gagnaþétt þagur	21 S	21 Þ	21 F	21 S
Þ	22 F Þessardóm gagnaþétt þagur	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
M	23 L	23 M Foretíð Hó	23 F	23 L Þessardóm gagnaþétt þagur	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
F	24 S	24 Þ Foretíð Hó	24 F Þessardóm gagnaþétt þagur	24 S Þessardóm gagnaþétt þagur	24 M	24 L	24 S Þessardóm gagnaþétt þagur	24 M	24 F Þessardóm gagnaþétt þagur	24 M	24 M
F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
L	26 Þ Þessardóm gagnaþétt þagur	26 F Þessardóm gagnaþétt þagur	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M Þessardóm gagnaþétt þagur	26 F
S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
M	28 F Þessardóm gagnaþétt þagur	28 L Þessardóm gagnaþétt þagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Þessardóm gagnaþétt þagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Þessardóm gagnaþétt þagur	29 M	29 M	29 L	29 M
M	30 L	30 M Foretíð Sol	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
F	31 F	31 F Foretíð Sol	31 M	31 S Þessardóm gagnaþétt þagur	31 M	31 S	31 S Þessardóm gagnaþétt þagur	31 F	31 F	31 F	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfrir dagar eða nelli. Leikskólagjöld leikna ekki vegna þessa. Börn sem óveija leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuttugu vika daga í sumariþví. Leikskólastjóri ákveður, að höfðsáráði við ástafsmenn og foreldraað viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur samantítt eða loki samfellt. Í tíu til tuttugu vika daga. Stefna skóla- og frístundavéls er að hverju hvern leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur Reykjavíkur.

15.2 Umsögn Foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hanna Kristín Briem Pétursdóttir

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

Sandra Hlín Guðmundsdóttir

I.

Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2022-2023.

II.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð fékk starfsáætlun Jörfa til umsagnar 4. Júlí 2023. Foreldraráð varð fyrir vonbrigðum með að hluti skýrslunnar stendur óbreyttur frá fyrra ári, tengist það aðalega tækifærum til umbóta.

Foreldraráð vill lýsa yfir ánægju sinni að mikil breyting hefur orðið á viðveru starfsmanna og þeim skiptum sem grípa þurfti til faliðunarferlis fækkaði umtalsvert milli ára.

Samkvæmt starfsáætluninni er leiðarljós skólans Umburðarlyndi – kærleikur – virðing, síðastliðið skólaár var það Gleði – Virðing – Leikur en samkvæmt heimasíðu skólans er það Gleði – virðing – vinátta, foreldraráð metur þetta sem frekar ruglingslegt og óskar eftir skýrari sýn í þessum málum. Foreldráð fagnar því að sjá að 3 starfsmenn eru í námi í leik og grunnskólafræðum en hefur áhyggjur af vöntun á útskrifuðu fagmenntuðu starfsfólki á leikskólanum. Foreldraráð gerði athugasemd síðastliðin vetur við að það vantaði yfirlit yfir fagmenntun starfsmanna í greinargerð leikskólastjóra, erfitt er út frá skýrslunni að átta sig á hversu margir fagmenntaðir starfa við leikskólann, því miður þá er staðan sú sama með skýrsluna að þessu sinni. Einnig væri fróðlegt að sjá tölfræði yfir barnahópin sem er á Jörfa. Starfsáætlunin nefnir samstarf við Myndlistarskólann í Reykjavík, eftir bestu vitund foreldraráðs varð ekkert úr þessu samstarfi á þessu skólaári.

Mjög ánægjulegt var að sjá að mikil og góð fræðsla var fyrir starfsfólk leikskólans í vetur og sér foreldraráð þar mikinn mun milli ára auk þess sem almenn ánægja var í foreldrahópnum með að leikskólastjóri kynnti hvaða fræðslu starfsmenn myndu fá á skipulagsdögum með fréttabréfi.



Mjög áhugavert er að sjá fræðslu um aðferðafræði John Dewey og vonast foreldráð til þess að foreldrar og börn verði meira vör við aðferðir hans.

Áherslan sem skólinn leggur á læsi með Lubba er virkilega jákvæð sem og samstarfið við heimilin með því að hvetja foreldra til lesturs með börnum sínum er af hinu góða. Líkt og kom fram í skýrslu foreldraráðs fyrir skólaárið 2022/2023 þá saknar foreldraráð þess að ekki var haldið áfram með verkefnastjóra hreyfingar sökum samdráttar, í skýrslu síðasta árs var lögð áhersla á útnám fyrir veturinn en lítið virðist hafa farið fyrir því, skorar foreldráð á leikskólann að finna leiðir til að auka við markvissari hreyfingu sem og útinám.

Foreldraráðið er ánægt með vináttuverkefni Barnaheilla sem hefur verið unnið með á leikskólanum.

Ánægjulegt er að unnið sé innra mat allra deilda, þó sjáum við þó nokkuð um endurtekningar frá fyrra ári sem vekur upp spurningar um hvernig unnið sé með innra matið. Einnig vantar oft skýrari sýn á það hvernig og hvenær hlutir eru metnir. Foreldraráð hefði þó viljað sjá umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna uppfærða frá fyrra ári og hefur áhyggjur af henni þar sem hún virðist ekkert hafa breyst hvort engar umbætur hafi átt sér stað.

Ánægjulegt er að sjá hversu gott samstarf er milli leikskólans og Breiðagerðisskóla annarsvegar og Sólbúa hinsvegar.

Samstarf foreldra og leikskóla efldist mikið á árinu meðal annars með sameiginlegri sumarhátíð. Foreldraráð hvetur leikskólann og foreldrafélagið til að efla þetta samstarf enn frekar. Það er tekið fram að foreldraviðtöl hafi verið haldin í nóvember 2022 og í mars 2023 en foreldraviðtölinn á Holti og Laut voru feld niður í mars 2023 og voru ekki haldin sökum manneklu.

Foreldraráð líkt og í fyrra hvetur til þess að starfsdagar Jörfa og Breiðagerðisskóla séu samræmdir sem mest, sérstaklega vetrarfrí þar sem Breiðagerðisskóli er í löngu frí og gott væri að leikskólinn myndi fylgja þessum frídögum líka með starfsdögum. Fjölmargar fjölskyldur eru með börn á báðum stöðum og það er erfitt fyrir foreldra að standa undir öllum þeim starfsdögum og fríum ef einungis 3 dagar eru samræmdir. Sólbúar frístundaheimili er opið fyrir nemendur Breiðagerðisskóla á starfsdögum en ekki í vetrarfrí og nýtist því betur fyrir fjölskyldur hverfisins ef starfsdagur væri í vetrarfrí. Finnst foreldraráði að það megi taka meira tillit til foreldra sem eru flest allir í vinnu sjálfir í þessum málum. En í núverandi skóladagatali er ekki settur skipulagsdagur þegar það er vetrarfrí í skólum Reykjavíkur.

III.

Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin mætti vera nákvæmari og gefi einungis grófa mynd af því starfi sem fram fer inn á leikskólanum, stutt greinargerð um starf hvernar deildar myndi bæta skýrsluna mikið. Foreldraráð er ánægt með að stöðugleiki í starfsmannamálum er mikið meiri en undanfarin ár.

Foreldraráði finnst skorta á upplýsingum á staðgengli leikskólastjóra og deildastjóra þegar þeir eru ekki við í einhvern tíma.

Foreldraráð ítrekar frá fyrra ári að það myndi vilja sjá að TRAS matslistinn væri tekin á öllum deildum. TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskóla til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga Það er tekið fram í innra matinu að TRAS matslistinn eigi að vera lagður fyrir á öllum deildum nema á Holti en foreldraráð sér ekki að það hafið verið gert á öllum deildum og einnig hefur ekki verið farið yfir listann á fullnægandi hátt fyrir þá foreldra barna sem hafa farið í gegnum TRAS matslista.

Foreldraráð sér áfram mikla framför í upplýsingaflæði á leikskólanum og er það vel og vonast til þess að áframhald verði á því.

Elstu börnin voru í flottu starfi síðast liðin vetur má þar helst nefna samstarfið við tónlistarskóla Sigursveins sem endaði með tónleikunum í Hörpu tengdum Barnamenningarhátíðinni, vettvangsferðum og fleira. En samstarfið við Myndlistaskóla Reykjavíkur var saknað. Starfið í Víkinni tók reyndar mjög skjótan endi en er það von foreldraráðs að svona flott starf með eldri börnunum haldi áfram.

Það er von foreldraráðs að útinám og hreyfing verði eflað enn frekar á öllum deildum með markvissum tímum sérhæfðara kennara.



Reykjavík, 5. Júlí 2023,

Foreldraráð Jörfa,

Hanna Kristín Briem Pétursdóttir, formaður

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

Sandra Hlín Guðmundsdóttir

15.3 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

15.4 Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST